

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir *spilliefnamóttöku Hringrásar hf.*, Klettagörðum 9, Reykjavík, kt. 420589-1319. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. nóvember 2017.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir *spilliefnamóttöku Íslenska gámafélagsins* við Gufunesveg, Reykjavík, kt. 470597-2289. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. nóvember 2017.

*Umhverfisstofnun, 17. nóvember 2005.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

---

*Sigurbjörg Gísladóttir,  
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*

---

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2005